

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs,  
með síðari breytingum (heilbrigðisstéttir, fjölmiðlar o.fl.).**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

- a. 2. og 3. tölul. orðast svo:
  2. Leyfi til að stunda almennar lækningar og sérfræðilækningar, leyfi til að stunda almennar tannlækningar og sérfræðitannlækningar, leyfi til ljósmæðra og sérfræðileyfi til ljósmæðra, leyfi til hjúkrunarfræðinga og sérfræðileyfi til hjúkrunarfræðinga, leyfi til lyfsala, leyfi til lyfjafræðinga og sérfræðileyfi til lyfjafræðinga.
  3. Leyfi til sjúkraþjálfara og sérfræðileyfi til sjúkraþjálfara, leyfi til félagsráðgjafa og sérfræðileyfi til félagsráðgjafa, leyfi til iðjuþjálfara, leyfi til þroskaþjálfara, leyfi til lífeindafræðinga og sérfræðileyfi til lífeindafræðinga, leyfi til geislafræðinga, leyfi til matvælafræðinga og leyfi til sálfræðinga og sérfræðileyfi til sálfræðinga.
- b. 9.–11. tölul. orðast svo:
  9. Leyfi til hnykkja (kírópraktora) og osteópata.
  10. Leyfi til sjúkraflutningamanna og bráðatækna.
  11. Leyfi til næringarfræðinga, næringarráðgjafa og næringarrekstrarfræðinga.
- c. 15. tölul. orðast svo: Leyfi til tannfræðinga og tanntækna.
- d. 17. tölul. orðast svo: Leyfi til stoðtækjafraðinga.
- e. 19. tölul. orðast svo: Leyfi til áfengis- og vímuvarnaráðgjafa.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. 10. og 11. tölul. orðast svo:
  10. Leyfisbréf fyrir kauphallir, sbr. 3. gr. laga nr. 110/2007 ..... 166.000 kr.
  11. Leyfi til að reka markaðstorg fjármálagerna, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 110/2007 og g-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 ..... 166.000 kr.
- b. 13. tölul. orðast svo: Starfsleyfi váttryggingafélaga, sbr. 18. gr. laga nr. 56/2010 ..... 166.000 kr.

c. 40.–42. tölul. orðast svo:

40. Leyfi til myndmiðlunar:
- a. Skammtímaleyfi til allt að þriggja mánaða ..... 15.000 kr.
  - b. Almennt leyfi til allt að sjö ára. Gjald fyrir hvert ár sem leyfi er veitt ..... 54.000 kr.
41. Leyfi til hljóðmiðlunar:
- a. Skammtímaleyfi til allt að þriggja mánaða ..... 9.500 kr.
  - b. Almennt leyfi til allt að sjö ára. Gjald fyrir hvert ár sem leyfi er veitt ..... 36.500 kr.
42. Leyfi til mynd- og hljóðmiðlunar á afmörkuðum svæðum sem fjölmiðlanefnd telur ná til innan við 10 þúsund íbúa: 50% af þeim fjárhæðum sem greinir í b-lið 40. tölul. og b-lið 41. tölul.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 2013.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*